



# Hjálparsveitin DALBJÖRG

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg • 1. tbl. 18. árg. • Desember 2018



*Gleðilegt ár!*

# Unglingadeildin Bangsar 2017-2018

Fyrsti unglingsdeildarfundurinn var haldinn í október 2017 að þessu sinni og á hann mættu hressir og áhugasamir krakkar úr 10. bekk í Hrafnagilsskóla.

Unglingastarfið fór af stað með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Á fyrsta fundi er farið létt yfir lög og reglur sveitarinnar, tæki og tól og mikið skoðað af

myndum úr starfi og leik. Eftir það spinnast upp skemmtilegar umræður og krakkarnir verða áhugasamir og spyrjast mikið fyrir.

Við hittumst nokkrum sinnum fyrir jól en á



Hópmýnd í klifurvegnum í H12.



Blóðþrýstingur kannaður.



Sóley í klifurvegnum.



Krakkarnir að stúdera snjóflóðayfli.

## Við sinnum verkefnum í hinum ýmsu greinum byggingariðnaðarins

- Húsbyggingar
- Rafmagn
- Múrverk
- Pakviðgerðir
- Pípulagnir
- Málningarvinna
- Parketslípun
- Viðhald og breytingar



**ÁK SMÍÐI**



**Miðstöð ehf**

Ák Smíði ehf. • Sími 464 7870 • Miðstöð ehf. • Sími 462 5625  
Lónsbakka • 601 Akureyri • aksmidi@aksmidi.is • midstod@midstodehf.is





*Halldór Smári í klifurvegnum.*

síðasta fundi fyrir jól höfum við haft þægilega stund með krökkunum okkar. Þá erum við farin að kynna betur og þetta verður einskonar hópefli og þéttir hópinn enn betur saman. Í ár keyptum við smákökur og jólaöl og spiluðum á spil og allir höfðu gaman að, bæði unglingar jafnt og umsjónarmenn.

Eftir áramót fórum við í heldur tæknilegri hluti tengda björgunarsveitastörfum. Við héld-



*Hópurinn eftir jeppaskreppuna ásamt umsjónarmanni.*

um meðal annars byrjendanámskeið í fyrstu hjálp. Þar fræddust krökkarnir um grunnþætti fyrstu hjálpar og prufuðu að mæla lífsmörk á hvort öðru með tækjum, s.s. blóðþrýsting, puls og súrefnismettun. Einnig prufuðum við að telja öndun og puls án tækja.

Við héldum líka fræðslu í snjóflóðum, fjar-skiptum og rötun og héldum æfingar í þeim atriðum með góðri undirtekt unglingsanna. Við héldum eina fjáröflun, gerðum okkur góðan dag með ágóðann, fórum út að borða og í klifurveginn hjá Súlum sem vakti mikla kátinu hópsins.

Við breyttum aðeins til með jeppaferðina árlegu, við héldum af stað úr húsi á jeppunum okkar og héldum fram á Eyjafjarðardal, skoðuðum snjóalög inn á dal og upp á Vatnahjallavegi. Þá héldum við heim að Halldórstöðum og fengum að grilla þar pylsur, snæddum og spjölluðum um liðinn vetur og hvað tæki við eftir sumarið.

Skemmtilegur og góður hópur að vanda sem var með okkur þetta árið.

*Bjarney Guðbjörnsdóttir.*



***Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgrip, sauðfé, svín, hross, varp- og alifugla.***

***Auk þess býður Bústólpi til sölu úrval af áburði, sáðvöru og öðrum vörum tengdum fóðrun og jarðrækt.***

Bústólpi ehf · Oddeyartanga · 600 Akureyri · Sími 460 3350 · [www.bustolpi.is](http://www.bustolpi.is)



# Útköll og aðstoðarbeiðnir

## 27. janúar

Verðmætabjörgun í Öxnadal. Útkall barst kl. 8:00 og fóru tíu manns til aðstoðar. Flestir voru komnir í hús um 13:00 og gekk aðgerðin vel.

## 4. febrúar

Aðstoðar óskað í Leyningi, þar sem þak var að fjúka af hlöðu. Átta manns fóru til aðstoðar um kl. 8:30 um morguninn og gekk vel að leysa verkefnið.

## 13. febrúar

Upp úr hádegi þann 13. febrúar barst útkall á allt svæði 11 vegna tveggja gönguskiðamanna sem lentu í vandræðum upp á hálendi. Þeir voru fluttir í burtu með þyrlu Landhelgisgæslunnar þaðan sem þeir fundust, austur af Hofsjökli. Níu félagar Dalbjargar tóku þátt í þessu verkefni.

## 22. febrúar

Útkall barst kl. 17:55 og var um að ræða leit inn-anbæjar á Akureyri. Átta Dalbjargar félagar tóku þátt í verkefninu þar til einstaklingurinn fannst heill á húfi nokkrum tímum síðar. Tveir félagar voru í svæðisstjórn.

## 20. mars

Þennan dag var sveitin beðin um að aðstoða tvo erlenda ferðamenn á einkabíl, en þeir höfðu fest sig inn á Eyjafjarðardal. Sex félagar fóru af stað á tveimur bílum og leystu verkefnið hratt og örugglega.

## 19. apríl

Dalbjörg 6 og 7 fóru til að lagfæra og koma sleða til byggða, þar sem hann hafði bilað kvöldið áður og var staddur í Stóru Klettagilsskál. Verkefnið gekk vel og var tekin smá æfing til við-

bótar.

## 1. júní

Flugatvik í Kinnafjöllum. Þrír menn fóru frá Dalbjörg í útkallið, tveir á sleðum og einn á jeppa auk þess sem einn var í svæðisstjórn. Útkallið var þó afturkallað áður en okkar fólk kom á staðinn.

## 4. júní

Þennan dag, um klukkan 10:30, var sveitin kölluð út, ásamt Súlum á Akureyri, til að sækja slasaðan einstakling á hálendið. Sex félagar fóru af stað á tveimur jeppum og sleðabíl með tveimur sleðum. Ekki var hægt að komast með góðu móti að fólkinu nema á sleðum en björgunarlið þurfti að koma sleðunum á bíl upp Vatnahjallann. Allt gekk þetta vel og var björgunarlið komið heim um klukkan 17.

## 18. júní

Sveitin var kölluð út til að hefja eftirgrennslan eftir konu á Glerárdal. Fimm manna gönguhópur lagði af stað úr húsi auk þess sem tveir voru í svæðisstjórn. Málið leystist áður en gönguhópar voru komnir af stað inn dalinn.

## 23. júní

Útkall barst vegna neyðarboðs frá neyðarsendi í flugvél. Sex manns fóru af stað á tveimur bílum, en í ljós kom að ekki reyndist hætta á ferðum.



Útkall 4. júní.



Útkall 4. júní



Patrol á leið í útkall inn á Eyjafjarðardal 4. júní.

Bestu óskir um *glæðileg jól*  
og farsælt *nýtt ár*



**SAMHERJI**

farming innovators



**Lely Center Ísland**

Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414-0000 • Kt.: 450109-0100  
Óðinsnes 2 • 603 Akureyri • Sími: 464-8600

## 8. júlí

Sveitinni barst útkall vegna fólksbíls sem var fastur á leið fram Eyjafjarðardalinn. Tveir voru um borð í bílnum. Tveir félagar lögðu af stað til að bjarga mönnum en var þeim snúið við þar sem mennirnir höfðu fengið far með vel búnum bíl til byggða.



Færa þurfti hindrun af Vatnahjallavegi eftir vorleysingar.

## 6. september

Hjálparveitinni barst útkall þar sem hestakona hafði fallið af baki og slasast í Hraunárdal sem gengur inn af Sölvadal. Fóru sex meðlimir sveitarinnar ásamt tveimur sjúkraflutningamönnum á staðinn á tveimur bílum sveitarinnar. Konan náði

að hafa sig aftur á bak og kom til móts við björgunarmenn. Um tveimur tímum síðar, þegar hlúð hafði verið að konunni, var hún flutt með sjúkrabíl til byggða þar sem hún fór til frekari skoðunar.



Útkall 27. október inn á Sölvadal.



*Bestu óskir um  
glæðileg jól  
og farsælt nýtt ár*



**VÉLSMIDJAN ÁSVERK**



*Bestu óskir um glæðileg jól  
og farsælt  
nýtt ár!*



*Bestu óskir um  
glæðileg jól  
og farsælt nýtt ár*



 **STRAUMRÁS** hf.

## 16. september

Útkall barst vegna fjórhjólasyss við Kiðagil á Sprengisandsleið. Ellefu manns mættu í hús og biðu frekari fyrirmæla, en ekki reyndist þörf á okkar mannskap að þessu sinni.



Þjarki í útkalli 27. október.

## 27. október

Aðstoðarbeiðni í Sölvadal. Fjórir félagar fóru á Dalbjörg 1 til aðstoðar rjúpnaskyttu ofan Þormóðsstaða þar sem þar sem hann hafði komist í sjálfheldu á bíl sínum. Verkefnið var leyst í góðu veðri



Patrol inn á Æsustaðatungum að sækja slasaðan gangnamann 6. september.

## 19. nóvember

Leit að týndum manni í Eyjafirði að kvöldi þessa dags. Maðurinn fannst heill á húfi. Átta félagar tóku þátt í aðgerðinni auk eins í svæðisstjórn.



Óseyri 8, 600 Akureyri · Sími: 854 2211 · malbikun.is

Sendum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum innilegar jóla- og nýárskveðjur



 **JÖTUNN**  
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

# Hálendisvakt 2018

Ég var eini félaginn í Hjálparsveitinni Dalbjörg sem fór í Hálendisvakt í sumar.

Ég fór með 13 öðrum félögum frá þremur öðrum sveitum, Björgunarfélaginu Blöndu, Björgunarsveitinni Húnum og Björgunarsveitinni Kili. Þá var með okkur einn félagi frá norska Rauða krossinum. Þar sem ég var einn á ferð komu Húnar frá Hvammstanga og tóku mig með upp skurðinn (Eyjafjarðardal) og var fyrsta stopp hjá Inga og Önnu, því ég átti ekki kaffi en fékk uppáhellt hjá þeim. Svo var farin stysta leið í Landmannalaugar með viðkomu í Laugafelli og í Nýjadal. Er við komum að Fjallabaki voru hinir út hópnun mættir á svæðið.

Strax fyrsta kvöldið kom aðstoðarbeiðni vegna rútu sem var kolföst inn við Sveinstind.



... „Vegir liggja til allra átta...“

Okkur tókst að ná henni upp með því að spila hana upp með tveimur björgunarsveitajepum. Síðan fóru verkefni að tínast inn hvert af öðru, til dæmis að draga upp aðra rútu, plástra fólk, við fengum útkall vegna ökkla-brots og svo slasaðist kona sem var í hestaferð.

Auðvitað, eins og í öllum góðum fjallaferðum, verður maður að skoða landið sitt og því nýttum við tímann einnig í það. Þótt ég hafi einnig verið á sama svæði sumarið á undan með blönduðum hóp, þá sér maður alltaf og lærir eitthvað nýtt.

Takk fyrir okkur.

Jóhannes og hundurinn Jöri.



Frá Landmannalaugum.



Frá Landmannalaugum.

Sendum Eyfirðingum  
okkar bestu jóla- og nýárskveðjur  
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

 Garðsbúið ehf. Eyjafjarðarsveit

# Molar ...

## Æfingaferðir

Mikil virkni var í sleða- og tækjahóp á þessu ári og voru farnar þó nokkrar æfingaferðir.

### 20. janúar

Þennan dag fóru 9 félagar í æfingaferð í Laugafell á tveimur jeppum sveitarinnar, auk þess sem bílar fóru með frá Þingey og Ægi. Farið var upp Bárðardal og niður Skagafjörð.

### 18. mars

Dalbjörg 6 og 7-sleðarnir okkar, fóru úr húsi og upp hjá Stóra Krumma, inn á Glerárdal og yfir í Skjöldal. Þaðan var farið yfir Kambskarð og í Hólsdal, yfir að Hraunsvatni, þaðan á Öxnadalsheiði upp Kaldbaksdal, ofan í Skjöldal og heim í hús. Ekinn var um 133 km hringur. Sama dag var ekinn hringur á jeppum sveitarinnar á Vaðlaheiði í góðu veðri, en í þá ferð fóru 7 félagar.

### 18. apríl

Hluti sleðadeildar reynsluók Arctic Cat og Polaris sleðum til samanburðar. Farið var til Grenivíkur og ekið um Fjörður og Flateyjardal.

### 12. - 13. maí

Sleðaferð ásamt Björgunarsveitinni á Dalvík og einum einkasleða. Farið var upp Kaldbaksdal, í Litlakot, Bergland og Laugafell og gist þar. Að sjálfsögðu var farið í það. Líðið vaknaði um sex og hélt förinni áfram kl. 8 með viðkomu í Sandbúðum, Gjallanda, Hitulaug, Gæsavötnum, Trölladyngju, Dyngjufjöllum, Kistufelli, þaðan aftur í Gæsavötn, að Köldukvíslarjökli, Tungna-fellsjökli, Tómasarhaga, Hallgrímsvörðu og það-

an í Laugafell, Bergland og Litlakot. Komið var niður í bíla um kl. 20:00, ca 400 km. síðar. Frábær ferð í æðislegu veðri.

### 31. maí

Ekið á Dalbjörg 6 og 7 upp Hlíðarfjall, inn Glerárdal með ýmsum fléttum, upp úr Skjöldal og inn í Laugafell með viðkomu í Litlakoti og Berglandi. Borðuðum og fórum í það í 15 stiga hita og blíðu. Sigldum svo heim á leið með smá æfingum í Glerárdal.

### Styrkveiting

Veitingastaðurinn Akureyri Fish and Chips hefur síðan í mars 2017 safnað öllu sínu þjófí til styrktar Hjálparveitinni Dalbjörg. Þrjú félagar fóru á dögnum til að veita söfnunarfé ársins viðtöku og nutu að sjálfsgöðu veitinga í leiðinni, ásamt því að selja aðstandendum staðarins Neyðarkallinn 2018. Við kunnum sannarlega að meta þessa einstöku góðvild!

### Viðburðir

Þann 29. janúar var opið hús hjá okkur þar sem haldið var upp á 90 ára afmæli Slysavarnafélags Íslands, sem var stofnað þann dag árið 1928. Um 30 manns mættu til okkar, en léttar veitingar voru í boði og bein útsending frá stjórnarfundum SL var sýnd á tjaldi.

Dalbargarfélagar aðstoðuðu við utanumhald í Minningarhlaupi Ólivers, sem haldið var í Hrafnagilshverfi þann 22. maí. Þá tókum við einnig að okkur vakt á kjörstað vegna sveitarstjórnakosninga þann 26. maí. Litlu-jólin voru

haldin þann 1. desember á Lamb-inn í Eyjafjarðarsveit og mættu um 30 manns.

### Fjáraflanir

Flugeldar voru að venju seldir í Hrafnagilsskóla. Einkar vel gekk að manna sóluna og vinnu í kringum hana í ár og gekk salan sjálf vel. Við gegndum okkar venjubundna hlutverki við hina árlegu Handverkshátíð í Hrafnagilsskóla, sem haldin var með breyttu sniði í ár. Félagar Dalbjargar önnuðust gæslu á tjaldsvæðinu við Hrafnagilsskóla dagana 13.-15. júní og einnig dyragæslu á þorrablótum í janúar og febrúar. Þá var sett upp kerfi fyrir Freyvangsleikhúsið vegna sýningar sem þar er haldin í vetur og aðstoðað við uppsetningu sýningarkerfis fyrir Bautann.

### Fundir, ráðstefnur o.fl.

Aðalfundur Hjálparveitarinnar Dalbjargar var haldinn þann 19. apríl í Dalborg. Stjórnarmenn eftir fundinn voru eftirfarandi: Kristján Hermann Tryggvason, formaður, Jóhannes Jakobsson gjaldkeri, Ólafur Ingi Sigurðsson, Hreiðar Fannar Víðisson og Friðrik Karlsson.

Almennir fundir voru 11 talsins og stjórnarfundir einnig. Aðrir fundir voru haldnir eftir þörfum, s.s. í sleðahóp, tækjahóp og fjallabjörgun-  
arhóp, m.a. í tilefni af Bakvarðaæfingu sem haldin var þann 21. september. Þá héldum við áfram vikulegum fundum sem byrjað var að halda árið 2017, en þeir kallast einmitt „Vikulegir“, og eru haldnir á mánudögum. Að venju voru haldin fjölmörg vinnukvöld á árinu, vegna vinnu í húsi, tækjum og fleiru.



Æfingaferð 20. janúar.



Námskeið í Fjallamennsku 2.



*Óskum viðskiptavinum okkar gledilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.  
Jólakveðjur — Starfsfólk Bakarísins við Brúna*



Opið virka daga frá kl. 7–18  
Um helgar kl. 7–16





Uppsetning handverkhátíðar.



Þrír félagar að snæðingi á Akureyri Fish and Chips.



Elmar í járnadótsmerkingum.



Bjarki kátur.

Formannafundur var haldinn 13.-14. apríl og sótti Kristján Hermann Tryggvason, formaður Dalbjargar, fundinn. Fulltrúaráðsfundur var haldinn þann 24. nóvember og sótti formaður hann einnig. Þá sóttu tveir félagar, Ingi og Jóhannes, fundi svæðisstjórnar á svæði 11 og sinntu öðrum störfum hvað hana varðar. Unglingadeildin Bangsar fundaði aðra hverja viku frá nóvember og fram á vor og hófu svo leikinn á ný um haustið. Einnig voru haldnir flugeldafundir og handverksfundir, auk þess sem tveir stjórnarmenn áttu fund með sex nefndarmönnum fjárveitinganefndar þann 19. október. Jóhannes

Jakobsson stjórnarmaður sótti ráðstefnuna Björgun 2018 sem haldin var í Hörpu þann 13. október.

#### Slysavarnir

Að þessu sinni voru seldar rafflöður og Neyðarkall um allt land dagana 1.-4. nóvember og að venju fóru Dalbjargarfélagar sína hefðbundnu ferð um Eyjafjarðarsveit og fengu hinar bestu móttökur. Farið var með endurskinsmerki í Hrafnagilsskóla og leikskólann Krummakot eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þá tók einn félagi þátt í Hálandisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar ásamt félögum úr öðrum sveitum.

#### Námskeið

Dagana 3.-4. febrúar var námskeiðið Ferðamennska 2 haldið í Dalborg og það sóttu 5 manns. Fjórir félagar fóru á kynningu í forgangsakstri í H12, húsnæði Súlna á Akureyri, þann 8. mars. Þann 7. nóvember sóttu tveir félagar endurmenntun í fyrstu hjálp á Dalvík og þann 22. nóvember var námskeiðið Fyrsta hjálp 1 haldið í Dalborg af Stefáni, félagi Dalbjargar.

Einn félagi sveitarinnar sótti æfingar með leitarhund á árinu.



# FLUGELDA MARKAÐURINN HRAFNA GILSSKÓLA



## AFGREIÐSLUTÍMI:

- 28. desember kl. 13–22
- 29.–30. desember kl. 10–22
- 31. desember kl. 9–16
- 5. janúar kl. 19–21

Flugeldasími: 863 1271

# HJÁLPARSVEITIN DALBJÖRG




# Fjölskyldudagur Dalbjargar

Fjölskyldudagur var haldinn á Lágheiði þann 1. maí ásamt F4x4 klúbbnum á Akureyri. Um 28 manns mættu í blíðu, sól og frábæru færi. Látum myndirnar tala sínu máli.



## Sérsmíðum innréttingar og innihurðir

Teiknum og gerum verðtilboð



Njarðarnesi 14 · 603 Akureyri · Sími 460 6100  
www.ssbyggir.is · harpa@tak.is



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*

**laubb inn**

Öngulsstaðir

*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*

**SPORTVER**

*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*

**MÚREY**  
MÜRVERK & FLÍSALAGNIR

*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*

**Bíla- og búvélaverkstæði  
Jóns Jónssonar**

Sjóvá 440 2400

**Það er mikilvægt  
að tryggja framtíð  
okkar nánustu.**

Núna getur þú keypt líf- og sjúkdóma-tryggingu á netinu.

Nánar á: [sjova.is/lifogsjuk](http://sjova.is/lifogsjuk)

Gerum tryggingar betri

**ÍSLENSKA  
ÁNÆGHTUÐSIN**



**SJÓVÁ**



# Samæfing á svæði 11

20. október 2018

Það voru þrjú vaskir félagar sem héldu á samæfingu á svæði 11 þetta haustið ásamt Björgunarsveitinni Súlum á Akureyri og Björgunarsveitinni Tý frá Svalbarðseyri, en frá Dalbjörg fóru á æfinguna undirritaður ásamt þeim Bjarka Jóhannssyni og Stefáni Magnúsi Jónssyni. Æfingin var skipulögð af undanföllum hjá Súlum og þótti okkur hún passlega krefjandi og ákaflega skemmtileg. Æfingin var sett upp eins og raunverulegt útkall.

Þriggja manna gönguhópur átti að hafa lagt af stað upp á Súlu á morgun en hafði ekki skilað sér heim undir morgun eins og ætlunin

hafði verið. Leitarhópar voru sendir á öll þau bílastæði sem eru við upphaf þekktra slóða á Súlu. Bill þeirra fannst við upphaf algengustu gönguleiðar upp á Súlu. Útgangspunktur leitar færðist því þangað. Leitað var eftir leitartækni-fræðum sem björgunarfólk þarf að kunna skil á. Eftir þó nokkra leit á slóðum og svæðum í kring um bílplanið bárust nýjar upplýsingar frá æfingastjórn.

Hópurinn hafði ákveðið á síðustu stundu vegna skyggnis að ganga á Hlíðarfjall í staðinn. Leitin færðist því í átt að Hlíðarfjalli og ákveðið var að leita Glerárgilið vel. Rétt utan gönguleiðar við árbakkann fannst einn úr hópnum. Hann var lítillega slasaður en honum var kalt. Ofkæling er einmitt eitthvað sem alltaf þarf að hafa í huga

hér á landi. Búið var um viðkomandi og sett yfir hann neyðartjald. Svo var farið í að undirbúa fjallabjörgunarkerfi svo hægt væri að flytja hann upp úr gilinu. Þessi einstaklingur gat gefið þær upplýsingar að hann hafi hrasað og slasað sig og hin tvö úr hópnum hefðu ákveðið að fylgja Gleránni til byggða og sækja aðstoð.

Við tók leit beggja megin árinna þar til hin tvö úr hópnum fundust bæði þökkalega haldin vestan við árbakkann nokkru neðar en sá fyrsti. Annað þeirra átti að hafa dottið í Glerána og hitt hrasað og snúið sig á ökkla við að bjarga félagan sínum. Þau voru því bæði ófær um að halda áfram ferðinni. Við raunverulegar aðstæður hefði þurft að klippa fötin utan af þeim sem hafði fallið í ána og létum við sem svo væri. Búið var um þau bæði til að koma í veg fyrir ofkælingu auk þess sem framkvæmd var líkamsskoðun. Annar sjúklingurinn var sennilega úr axlarlið og snúinn á ökkla en ekki brotinn. Hinn var óslasaður en mjög kaldur. Erfitt fjallabjörgunarkerfi var framundan sem björgunarfólk leysti vel undir góðri handleiðslu undanfara hjá Súlum.

Við tókum því heim með okkur góða reynslu og minningar eftir skemmtilegan dag eins og venjan er eftir æfingar sem þessar.

*Ólafur Ingi Sigurðsson*



Þorgils frá Tý á samæfingu.



Sjúklingur tilbúinn til flutnings.



Björgunarmenn að störfum.



Hluti björgunarkerfisins.

# Samæfing á svæði 11

## í tilefni söfnunarpáttar

Pann 29. september var sett af stað æfing um allt land vegna Söfnunarpáttar Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Stöð 2.

Æfingin var með heldur óhefðbundnu sniði þar sem sýnt var frá köflum af henni í beinni útsendingu. Engu að síður var um góða æfingu að ræða bæði fyrir reynslu björgunaraðila sem og samhæfingu allra sveita á svæðinu. Leitað var að ungum drengjum í og við Kjarnaskóg og endaði leitin með fjallabjörgunarverkefni í klettunum við Hamra, ofan við Kjarnaskóg. Átta félagar tóku þátt í æfingunni frá Dalbjörg, en alls tóku um 45 manns þátt í æfingunni hér á svæði 11.

Ólafur Ingi Sigurðsson



Fundur í Dalborg fyrir samæfingu.



Æfingin komin af stað.



Æfing í H12 fyrir samæfingu.



Bestu óskir um  
gledileg jól  
og farsælt nýtt ár

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

Óðinsnes 2  
Sími 460 4800



Bestu óskir um  
gledileg jól  
og farsælt nýtt ár



**HÚSASMÍÐJAN**  
Lónsbakka · Sími 460 3500 · husa.is



Tækjakostur björgunarsveita er glæsilegur.

## Slysavarnafélag Íslands 90 ára

Eins og kannski einhverjir urðu varir við voru í ár 90 ár frá stofnun Slysavarnafélags Íslands. Það var stofnað þann 29. janúar 1928 og um 200 manns voru á stofnfundinum.

Aðdragandinn var kannski fyrst og fremst sá að á hverju ári á þeim tíma misstum við tugi manna í hafið vegna sjóslysa og lítið var um slysavarnir. Dæmi um fáfræðina sem ríkti á þessum tíma er að það var talið tilgangslaust að kenna sjómönnum sund, því það myndi einungis lengja dauðastríðið fyrir þá ef þeir lentu í sjón-

um. Upp úr stofnun Slysavarnafélags Íslands var farið að stofna slysavarnardeildir víða um land, einkum í hinum minni sjávarþorpum, en fyrsta deildin var stofnuð í Sandgerði og fékk nafnið Sigurvon. Var áherslan fyrst og fremst sú að koma upp svokölluðum fluglínutækjum sem víðast um landið. Fyrsta björgunin með þeim tækjum átti sér stað þegar Slysavarnadeildinni Þorbirni í Grindavík tókst að bjarga 38 manns af frönskum togara þann 24. mars 1931, en þá voru einungis 5 mánuðir frá stofnun deildarinnar. Þorbjarnar-menn og konur hafa bjargað um

þrjúhundruð sjómönnum síðan þá. Fyrsti björgunarbáturinn kom til landsins í apríl 1929 og var hann segl- og áráknúinn. Svo kom skúta með hjálparvél árið 1937, sem þótti reyndar ekki henta vel og var henni því breytt árið 1945. Þá var sett öflugri vél og smíðuð brú á skipið sem hét Sæbjörg, eins og það skip sem Slysavarnafélagið Landsbjörg á og rekur. Í dag eru rekin fjölmörg björgunarskip auk slöngu- og harðbotnabáta víðsvegar um landið.

Árið 1947 flutti Elding Tranding Co. inn fyrstu þyrluna til kynningar sem björgunartæki í samstarfi við Slysavarnafélag Íslands, Bell47J (TF-HET). Árið 1968 keyptu íslenska ríkið og Slysavarnafélag Íslands fyrstu þyrluna saman, TF-EIR. Árið 1968 fól ríkið Slysavarnafélaginu að koma á fót tilkynningarskyldu fyrir skip á sjó, sem stytta átti viðbragstíma við björgun kæmi eitthvað fyrir, því engar markvissar upplýsingar voru þá til staðar um báta og skip á sjó. Í dag er þetta sjálfvirk kerfi. Slysavarnaskóli sjómanna var svo stofnaður árið 1985 og hefur hann gjörbylt allri menntun og viðbrögðum við slysum á sjó. Hann er í eigu Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Einnig má nefna að Slysavarnafélag Íslands beitti sér fyrir slysavörnum í landbúnaði og líka slysavörnum barna. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan 29. janúar 1929 og í dag eru sjóslys afar fátíð. Má það fyrst og fremst þakka miklum forvörnum og svo líka bættum aðstæðum, betri klæðnaði, betri skipum og svo framvegis. Á tímabili voru þrenn björgunarsamtök í landinu, þ.e. Slysavarnafélag Íslands, Landsamband Flugbjörgunarsveita og Landssamband Hjálparsveita skáta. Hin tvö síðarnefndu voru sameinuð árið 1991 í Landsbjörg og þann 2. október árið 1999 sameinuðust Landsbjörg og Slysavarnafélag Íslands í Slysavarnafélagið Landsbjörg. Í dag eru starfandi rúmlega 90 björgunarsveitir, 70 slysavarnardeildir og 50 unglingsdeildir um allt land. Fyrir áhugasama hefur komið út bók um Slysavarnafélag Íslands, „Mannslíf í húfi“, þar sem farið er mjög vel yfir þennan feril.

Undirritaður hefur fengið að starfa með þessum samtökum í bráðum 40 ár og er virkilega gaman að sjá hvernig málin hafa þróast til betri vegar. Læt ég þessari yfirferð hér lokið og vil að lokum óska lesendum árs og friðar.

Ingvar Þ. Ingólfsson

*Bestu óskir um  
glædileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptinu  
á ljómu ári.*

**GREIFINN**  
RESTAURANT

www.greifinn.is | Sími: 460 1600



# Endurnýjun vélsleða

Í ár var komið að endurnýjun á vélsleðum Dalbjargar. Ákveðið var að kaupa tvo Polaris Switchback 850cc.

Þessir sleðar búa yfir góðri fjöðrun og aksturseiginleikum. Við í sleða-

deildinni berum miklar vonir til þess að þessir sleðar muni reynast okkur vel. Nú tekur við vinna hjá sleðadeild að gera sleðana útkallshæfa en þar má helst nefna að bæta þarf á þá staðsetningar- og fjarskiptabúnaði, auk nauðsynlegs farangurs og bensínbrúsa.



Nýju Polaris sleðarnir.



Úr æfingaferð 31. maí á Arctic Cat sleðunum.



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt  
nýtt ár!*

**G Gröfur**  
Óseyri 2 • 603 Akureyri  
Sími 462 5700 • Fax 462 5701

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðiríkrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum góð samskipti á árinu sem er að líða.*

*Starfsfólk Norðurorku*



*Jól 2018*

**NORÐURORKA**  
VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUST

**Búvís**  
**ÁBURÐUR**

[www.buvis.is](http://www.buvis.is)  
 Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUST OG GÆÐI  
 VELDU BÆÐI

*Gæða áburður  
 á góðu verði*

**Búvís**  
 Akureyri

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | [www.buvis.is](http://www.buvis.is)



*Bestu óskir um  
 gleðileg jól  
 og farsælt nýtt ár*

**LEIGUVÉLAR  
 NORDURLANDS**



*Bestu óskir um  
 gleðileg jól  
 og farsælt nýtt ár*

**Silva**

Silva hráfæði ehf  
 Syðra Laugalandi efra  
 Eyjafjarðarsveit

*Bestu óskir um gleðileg jól  
 og farsælt nýtt ár*

**STEYPUSÖGUN NORDURLANDS**  
 Sími 864 2530

*Bestu óskir um gleðileg jól  
 og farsælt nýtt ár*

**VÉLFANG**  
[www.velfang.is](http://www.velfang.is)

**DALBJÖRG ÞAKKAR VEITTAN STUDNING**

**BÚTUR**  
 PÍPULAGNINGADJÓNUSTA  
 AKUREYRI  
 Njarðarnes 9 - 603 Akureyri  
 Sími 412-0400 - Fax 412-0401

  
 Blágarðurinn

**B** BLIKKRÁS EHF

**Plastás ehf**  
 Einangrunarplast  
 Óseyri 4 - Sími 462 7799

# Öll þrif

fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Allar vörur til ræstinga, áhöld,  
hreinsiefni, pappír og plast

---

Frostagötu 4 C 603 Akureyri  
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /  
865-2425 (vaktsími allan sólarhringinn)  
email [thrif@thrif.is](mailto:thrif@thrif.is) / [www.thrif.is](http://www.thrif.is)





*Gledileg jól og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

**FINNUR EHF**  
VERKTAKAR - VÉLALEIGA